

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Ísl 212 Kennsluáætlun- vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Benedikt Bragason og Sunna Hlín Jóhannesdóttir	Sk.st.	BEB, SUN
----------------	--	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum verður norræn goðafræði lesin og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Fjallað verður um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Auk þess fá nemendur þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda og skrifa eina heimildaritgerð.

Markmið:

Að nemandi:

- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðarsmíð
- læri að byggja upp og ganga frá heimildaritgerð.
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði
- kannist við helstu goð norrænna manna og hlutverk þeirra.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal (útg. 2010)

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson (útg. 2007)

Gylfaginning: Ýmsar útgáfur og svo Netið.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (2 og hálf vika)

08.01-24.01

Kynning á áfanga og námsefni. Heimildaverkefni. Fjallað verður um aðferðir við meðferð og frágang heimilda og lögð drög að heimildaritgerð. *Handbók um ritun og frágang* bls. 67-107, 120-122. **Lotunni lýkur með stuttu heimildaverkefni, unnu í tímum, sem gildir 10%.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Ísl 212	
	Kennsluáætlun- vorönn 2014	

2. Iota (4-5 vikur) 27.01-28.02

Heimildaritgerð um efni af lista sem hugsanlega tengist verkefninu á undan. Vinnan fer að langmestu leyti fram í tímum undir leiðsögn kennara og því brýnt að mæting sé góð.

Handbók um ritun og frágang bls.108-133.

Nemendur skila ritgerð í lok lotunnar og gildir hún 30%. Nemendur eru skyldugir að skila þessari ritgerð til að ljúka áfanganum.

3. Iota (4 vikur) 03.03-28.03

Goðafræði. Farið verður í helstu þætti norrænnar goðafræði og fjallað um helstu goð og vætti. *Gylfaginning* lesin (ýmsar útgáfur sem nemendur útvega sjálfir en vagn með nokkrum eintökum verður jafnan til taks í kennslustofu). Ýmis konar verkefni í lok lotunnar, skrifleg eða munnleg. **Verkefni gildir 10%.**

4. Iota (3 vikur) 31.03-02.05 Ath. Hér kemur páskafrí inn í lotuna.

Farið verður yfir sögu íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. *Íslensk málsga* bls. 9-75, 82-85, 101-118, 126-137.

Athugið að engin verkefni eru í þessari lotu sem gilda til lokaeinkunnar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Heimildaverkefni	10%
Heimildaritgerð	30%
Verkefni úr goðafræði	10%
Lokapróf (goðafræði og málsga)	50%

Nemandi verður að tilkynna skrifstofu skólans ef hann getur ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á tilsettum tíma vegna veikinda. Að öðrum kosti fellur sá hluti námsmats niður.

Ath. Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils